



Starfsáætlun

Leikskólinn Víðivellir

Jafnrétti – Virðing – Vinátta



Hafnarfjörður

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni áður en hún fer til fræðsluráðs í afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta skólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Þannig gefst tækifæri til að ræða þá þætti sem þessir aðilar eru ánægðir með og það sem þeir telja að megi bæta.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr 86/2021 eiga að tryggja að börn og fjölskyldur fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið farsældar í nærumhverfi barnsins. Í samræmi við þessi lög er mikilvægt að leikskólar hafi skýra og samræmda nálgun í vinnu með þjónustu og stuðning við börn.

Í Menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar til ársins 2030 hafa verið sett fram fjögur leiðarljós:

1. **Sköpun** - Lögð er áhersla á að börn fái tækifæri til að þroskast í gegnum leik, frístundir og skapandi skólastarf. Fundnar verði nýjar leiðir í skóla- og frístundaumhverfi með frumkvöðlastarfi, tækni og listsköpun og þær þróaðar áfram.
2. **Fjölbreytileiki** – Borin er virðing fyrir öllum einstaklingum, lífsháttum og áhersla lögð á að námsumhverfi endurspegli margbreytileika mannlífsins. Fjölbreyttar kennsluáðferðir styðji við jafnræði, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi.
3. **Vellíðan** – Áhersla er lögð á öruggt námsumhverfi og aðstæður til leiks og starfs svo að börn öðlist trú á eigin getu, eflist og byggji upp seiglu. Einnig að snemmbær stuðningur, forvarnir og valdefling leggi grunn að vellíðan og velferð allra.
4. **Samvinna** – Byggð verði námssamfélög, þar sem lögð er áhersla á þátttöku allra og að samvinna stuðli að lýðræðislegri virkni og tengslum. Þverfagleg samvinna og teymi eiga að styðja við framþróun og nýjar nálganir.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna til ársins 2030 um sjálfbæra þróun eru leiðarljós í leikskólastarfinu. Markmiðin eru í raun framkvæmdaráætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Þá verður einnig að virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (2025), þar sem börn eru viðurkennd sem sjálfstæðir einstaklingar með rétt til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og velferð.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Aðalnámskrá leikskóla.....	4
3. Leiðarljós Víðivalla	5
4. Megináherslur á skólaárinu	5
5. Starfsmannahald	6
5.1 Starfsmannastefna.....	6
5.2 Símenntun og starfsþróun	7
5.3 Þagnarskilda og trúnaður	8
5.4 Móttaka nýliða.....	8
5.5 Starfsþróunaráætlun	8
5.6 Starfsþróunarsamtöl.....	8
6. Skóladagatal	9
7. Samstarf	9
7.1 Samstarf við grunnskóla	9
7.2 Samstarf við nærsamfélag	9
7.3 Samstarf við annað fagfólk og stofnanir.....	10
7.4 Foreldrasamstarf	10
8. Stoðþjónusta	11
9. Mat á skólastarfi	12
9.1 Innra mat	12
9.1.1 Niðurstaða innra mats skólaárið 2025-2026:	12
9.2 Mat á námi barna	14
9.2.1 Orðaskil	14
9.2.2 Hljóm-2.....	14
9.3 Ytra mat	14
10. Öryggi og velferð.....	15
Lokaorð	15
Umsögn foreldraráðs	15

1. Inngangur

Leikskólinn Víðivellir, Miðvangi 39, Hafnarfirði tók til starfa 28. febrúar árið 1977. Nemendur eru 86 á fjórum aldurskiptum deildum: Ungadeild, Kisudeild, Bangsadeild og Kanínudeild. Leikskólinn er 933 m², leikrými er 414 m². Leikskólinn hefur þá sérstöðu að hafa rúmgóðan sal í miðrými hússins sem nýttur er til hreyfingar, leiks og náms auk söngstunda og leiksýninga.

Lóð leikskólans er 6270 m² og er skipt upp í fjögur svæði. Leiktækin á lóðinni eru fjölbreytt og hugað er að aðgengi hreyfihamlaðra. Frá náttúrunnar hendi býður leiksvæðið upp á fjölmarga möguleika til hreyfingar og leikja, góðar brekkur, göngustígar, hraun og fleira. Leikskólinn er opinn frá 7:30 til 16:30 alla virka daga. Á öllum deildum er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma, frá fjórum upp í átta og hálfa klukkustund á dag.

Leikskólastarfið skiptist á tvær annir, það er haust- og vorönn og tekur starfsemin mið af þeim. Leikskólinn er lokaður í þrjár vikur yfir sumarmánuðina en öll börn þurfa að taka fjögurra vikna samfleytt sumarfrí á sumarfrístímabilinu. Skipulagsdagar eru fimm á ári og þá er skólinn lokaður en auk þeirra eru tveir morgunfundir á önn og þá opnar leikskólinn klukkan 10:00. Leikskóladagar eru að jafnaði 180 dagar á ári. Aðrir dagar eru svokallaðir skráningardagar en þá þarf að skrá börnin sérstaklega í vistun.

Leiðarljós leikskólans: **jafnrétti, virðing og vinátta**, endurspeglast í daglegum samskiptum, samstarfi og viðhorfum starfsfólks, barna og foreldra. Í samskiptasáttmála Víðivalla kemur fram að allir fái að njóta sín óháð aldri, kyni, menntun eða þjóðerni og að raddir allra hafi vægi. Lögð er áhersla á hlýleg samskipti, ábyrgð og samvinnu ásamt því að sýna hvert öðru virðingu og skilning. Í starfi Víðivalla er lögð áhersla á leik sem helstu námsleið barna, þátttöku og inngildingu. Námið fer fram í gegnum leik, sköpun, hreyfingu, samveru og daglegar athafnir þar sem börn fá að taka virkan þátt og njóta sín á eigin forsendum.

2. Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla (2011) er reist á sex grunnþáttum sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þeir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Með þessum sex grunnþáttum er lögð áhersla á að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis og lýðræðissamfélagi. Grunnþættir menntunar skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða.

Aðalnámskrá leikskóla myndar heildstæða sýn á menntun. Skipulag leiks og náms yfir skólaárið þarf að endurspegla þessa heildarsýn. Það krefst faglegrar víðsýni og oft nýrra, sveigjanlegra kennsluhátta sem miða að betra og fjölbreyttara skólastarfi.

3. Leiðarljós Víðivalla

Starfsfólk leikskólans vann saman að því að draga út áherslur í leikskólamenningunni á Víðivöllum. Úr þeirri vinnu urðu til leiðarljósin okkar: **jafnrétti, virðing og vinátta** sem eru gildin sem birtast í daglegu starfi leikskólans.

Jafnrétti birtist í því að öll börn fái jöfn tækifæri til þátttöku í leik og námi óháð uppruna, kyni, getu eða aðstæðum. Virðing kemur fram í hlýlegum samskiptum þar sem hlustað er á raddir barna og tekið mið af þörfum og sjónarhorni hvers og eins. Vinátta er ræktuð með leik, samveru og verkefnum sem efla samkennd, samvinnu og félagsfærni. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börnin upplifi sig örugg, velkomin og mikilvæg í hópnum; þar sem þau læra að virða sjálf sig og aðra.

4. Megináherslur á skólaárinu

Leikur er kjarninn í starfinu á Víðivöllum. Í daglegu skipulagi er lögð áhersla á frjálsan leik, val barna, útiveru og skapandi starf, þar sem börn fá að tjá sig, prófa sig áfram og læra í gegnum leik og hreyfingu. Í gegnum leik eflum við málþroska, félagsfærni og sjálfstæði. Börn eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum, en leikskólakennarar eru á staðnum og styðja við leikinn á forsendum barnanna og leiksins. Leikurinn er því markviss og faglegur þáttur í námi og velferð barnanna. Í leikskólanum er einnig lögð áhersla á inngildandi menntun þar sem öll börn eiga jafnan rétt til þátttöku í leik og námi, óháð þörfum eða bakgrunni. Það gerum við með því að veita snemmtækan og sveigjanlegan stuðning sem tekur mið af þörfum hvers barns.

Á skólaárinu sem leið var lögð áhersla á að skapa meiri sveigjanleika innan dagskipulagsins og endurmeta starfið út frá nýjum köflum Aðalnámskrár leikskóla (2011) þar sem tekið er fram að leikur sé megin námsleið barna og gegnir lykilhlutverki í þroska þeirra, sköpun, samskiptum og sjálfsmynd. Á skólaárinu 2026-2027 verður haldið áfram að vinna með þessi atriði. Þá verður sérstaklega skoðað hvernig við getum aukið námstækifæri barna m.t.t. leikefnis, skipulags rýmis og virkrar þátttöku starfsfólks í frjálsum leik.

Á skólaárinu 2025-2026 var samskiptasáttmáli Víðivalla uppfærður í samræmi við leiðarljósin; jafnrétti, virðing og vinátta. Einnig hófst vinna við að innleiða SMT-skólafærni í leikskólann. SMT-skólafærni er aðferðafræði sem stuðlar að góðum skólabrag þar sem notast er við jákvæðar aðferðir til að styðja við að börn læri samskipti og hegðun í daglegu lífi. Þessi aðferð styður vel við leiðarljósin okkar, að koma fram við börn af virðingu, kenna þeim að sýna jafnrétti og vera góðir vinir. Þá er félagsfærni þjálfuð og æskilegri hegðun veitt aukin athygli með markvissu hrósi og umbunum. Reglur skólans verða skýrar og sýnilegar þannig að bæði börn og starfsfólk vita til hvers er ætlast. Reglurnar verða kenndar í fyrsta skipti í byrjun næsta skólaárs og verða svo rifjaðar upp reglulega.

Leikskólinn vinnur markvisst að því að tryggja jöfn tækifæri og virðingu fyrir fjölbreytileika meðal barna og starfsfólks, óháð þroska, heilsu, kyni, uppruna, kynhneigð, kyntjáningu eða annarri stöðu. Samkvæmt frumvarpi um inngildandi menntun (2024) eiga börn rétt á að þörfum þeirra sé mætt í skólastarfi, njóta skólagöngu sinnar og taka framförum í námi og þroska í samræmi við eigin forsendur.

Í leikskólanum eru fjöldi barna og fjölskyldna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Á síðasta skólaári 2025-2026 voru 18 börn á leikskólanum með annað heimamál en íslensku. Tungumál barna og fjölskyldna á leikskólanum eru 13 talsins. Orðaforðanámskrá Víðivalla styður sérstaklega við fjöltyngd börn. Námskráin byggir á orðaforðalista Menntamálastofnunar (2017) og er skipt í fjögur tímabil og þrjú getustig. Hún er notuð markvisst í daglegu starfi, t.d. í hópastarfi og

samverustundum. Auk þess er fyllt út eintak af Orðaforðanámskránni fyrir öll börn með annan tungumálabakgrunn. Einnig nýtir starfsfólk leikskólans tákni með tali í daglegu starfi. Táknin hjálpa börnum að skilja orð betur, muna þau og tjá sig. Þetta eykur þátttöku allra barna, sérstaklega þeirra sem eru að læra tungumálið eða eiga erfitt með tjáningu. Nú er hafin vinna við að bæta hæfniramma í íslensku fyrir fjöltkynnd börn í leikskóla við Orðaforðanámskrá skólans.

Í jafnréttisáætlun Víðivalla sem er uppfærð á tveggja ára fresti eru sett fram skýr markmið og aðgerðir sem styðja við inngildandi starf

- Að leikefni og bækur endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.
- Að kennsluhættir og námsefni mismuni ekki eftir kyni eða stöðu.
- Að aðstæður til leiks og náms séu aðgengilegar fyrir öll börn.
- Að samskipti við foreldra séu jöfn og óháð kyni, stöðu eða bakgrunni.

Leikskólinn vinnur einnig að því að tryggja jafnrétti meðal starfsfólks með kynhlutlausum ráðningum, launajafnrétti og jöfnum tækifærum til símenntunar og starfsþróunar.

5. Starfsmannahald

Á skólaárinu var starfsmannahald stöðugt og stöðugildi á Víðivöllum voru 26,6. Þrír starfsmenn fóru í fæðingarorlof á vorönn en ekki þurfti að ráða í þær stöður.

Starfsmannahópurinn leit því svona út 1.maí 2026:

Starfsheiti	fjöldi	stöðugildi
Leikskólastjóri	1	1
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1
Sérkennslustjóri	1	0,95
Deildarstjóri í leikskóla	2	1,85
Háskólamenntaður deildarstjóri í leikskóla	2	2
Leikskólakennari	7	5,55
Háskólamenntaður starfsmaður í leikskóla	5	4,6
Leikskóla- og frístundaliði	9	8,8
Þroskaþjálfari í leikskóla	1	0,9

Til viðbótar starfa á Víðivöllum þrír starfsmenn í atvinnu með stuðningi.

5.1 Starfsmannastefna

Lögð er rík áhersla á jákvæðan skólabrag og að samskipti allra séu jákvæð og uppbyggjandi. Mikilvægt er að öllum líði vel í skólanum og upplifi jafnrétti, virðingu og vináttu.

Markmið starfsmannastefnu Víðivalla er að í skólanum starfi hæfir starfsmenn sem hafa áhuga og metnað í starfi. Hver og einn leggi sitt af mörkum til að móta lærdómsríkt, hlýlegt umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk.

Starfsmannastefnan inniheldur þessi atriði:

- að ráða við skólann vel menntað og hæft starfsfólk
- að tryggja góð starfsskilyrði

- að starfsfólk hafi kost á að sækja símenntun
- að hver og einn fái að nýta sína styrkleika í starfi
- að hver og einn fái verkefni við hæfi
- að starfsmenn séu vel upplýstir um hlutverk og ábyrgð
- að gott samstarf ríki innan skólans

5.2 Símenntun og starfsþróun

Skólaárið 2025-2026 hefur starfsfólk skólans sótt mörg fjölbreytt námskeið ásamt fræðslu sem nýtist í skólastarfinu.

Allt starfsfólk skólans tók Lubbanámskeið. Sat netnámskeið á vegum BOFS- Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga ásamt því að sitja erindi á sameiginlegum skipulagsdegi um kynferðisofbeldi gegn börnum. Einnig fékk allt starfsfólk skólans fræðslu um líðan og jákvæða sálfræði. Allt starfsfólk fékk einnig fræðslu um málþroska barna, með áherslu á hljóðkerfisvitund og læsi.

Stjórnendateymi leikskólans kláraði fyrsta ár í innleiðingu SMT og starfamannahópurinn fékk SMT fræðslu tvisvar á skólaárinu.

Allir deildarstjórar skólans fóru á tvö námskeið á vegum Hafnarfjarðarbæjar til að styrkja og efla stjórnun og leiðtogafærni sína.

Leikskólastjóri sat námskeið um fötluð börn og farsældarlögin.

Þrír háskólamenntaðir starfsmenn luku meistaranámi og útskrifast með leyfisbréf kennara.

Sérkennslustjóri ásamt þroskajálfa sátu námskeið á vegum Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, Fjölbreyttar og styðjandi tjáskiptaleiðir.

Sérkennslustjóri fór á námskeið fyrir forystufólk læsisteyma.

Sérkennslustjóri og leikskólastjóri sátu námskeið á vegum Ráðgjafar- og greiningastöðvar; Frá frumgreiningu að athugungarferli.

Sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri, þroskajálfi og deildarstjóri sátu, í samvinnu við foreldri barns skólanum, 12 vikna námskeið á vegum GLÓ æfingastöðvar, Snemmtæk íhlutun fyrir leikskólabörn með einhverfu.

Leikskólakennari og háskólamenntaður starfsmaður fóru á námskeið um framburð leikskólabarna.

Háskólamenntaður starfsmaður tók Hljóm-2 réttindanámskeið.

Tveir háskólamenntaðir starfsmenn fóru á námskeið til að styðja við íslenskunám fjöltyngdra barna.

Tveir starfsmenn fóru á námskeiðið Grunnur að læsi – Árangursrík þjálfun hljóðkerfisvitundar í leikskóla.

Trúnaðarmaður félags leikskólakennara fór á tvo fundi trúnaðarmanna á árinu.

Háskólamenntaður starfsmaður var nemandi við Íslenskuþorpið.

Stjórnendur sátu málþing um vinnustaðamenningu í skólum sem var á vegum Vinnueftirlitsins.

Allt starfsfólk Kanínudeildar fékk fræðslu frá Sjónstöðinni um heilatengda sjónskerðingu.

Allt starfsfólk Bangsadeildar fékk fræðslu frá talmeinafræðing á Ráðgjafar- og greiningastöð um tjáskipti.

Tengiliður farsældar sat reglulega fundi og fékk fræðslu ásamt ráðgjöf á vegum sveitafélags.

5.3 Þagnarskilda og trúnaður

Starfsfólk leikskóla hjá Hafnarfjarðarbæ ber ríka þagnarskyldu um allar upplýsingar sem það fær vitneskju um í starfi sínu. Þetta á við um málefni barna, foreldra, samstarfsfólks og annarra sem leikskólinn hefur samskipti við. Þagnarskyldan gildir einnig eftir að starfi lýkur.

Starfsmanni er óheimilt að afla sér upplýsinga í starfi sem ekki tengjast vinnu hans eða eru óþarfar í tengslum við þau verkefni sem hann sinnir. Öll meðferð upplýsinga skal byggja á trúnaði, virðingu og fagmennsku.

Brot á trúnaði getur leitt til aga- eða réttarábyrgðar, og er starfsfólk hvatt til að leita til yfirmanns ef það er í vafa um meðferð trúnaðarupplýsinga.

5.4 Móttaka nýliða

Í móttöku nýrra starfsmanna fara stjórnendur yfir móttökuáætlun skólans. Farið er yfir mikilvæga þætti sem viðkemur starfi skólans. Meðal annars er farið yfir viðeigandi fatnað, launamál, vinnutíma og starfsemi skólans. Eineltistefna skólans er kynnt, þagnarskylda starfsfólks, vinnuvernd og siðareglur. Gengið er með starfsmanni um vinnustaðinn og hann kynntur fyrir samstarfsfólki. Við upphaf starfs er nýjum starfsmanni gefinn tími til að lesa starfsmannahandbók, þar sem allar helstu upplýsingar um starfsemi skólans koma fram.

Í kjölfarið tekur deildarstjóri á móti starfsmanni inn á deild, sýnir honum deildina og þá aðstöðu sem í boði þar er. Kynnir starfsmanninn fyrir barnahópnum og hann boðinn velkominn. Deildarstjóri fer vel yfir alla nauðsynlega þætti sem við koma deildarstarfi, dagskipulag, kaffitíma og undirbúningstíma.

5.5 Starfsþróunaráætlun

Markmið starfsþróunaráætlunar er að tryggja símenntun, efla fagleg vinnubrögð, stuðla að ánægju og starfsöryggi og að veita starfsmönnum tækifæri til vaxtar og þróunar í starfi.

Áætlun Víðivalla fyrir skólaárið 2026-2027:

- SMT
- Leikur
- Primal - streita
- Bjartey – orðaforði og læsi
- Þekkingamiðlun – virkjum kraftinn í streitunni
- Launa og kjaramál - stéttarfélögin

5.6 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl eru formleg samtöl milli starfsmanns og yfirmanns og eru haldin einu sinni til tvisvar á ári. Starfsmaður fær upplýsingar um innihald samtalsins og markmið með góðum fyrirvara. Markmið samtalanna er að:

- Bæta starfið og vinnustaðinn.
 - Fara yfir styrkleika starfsmanns og meta hvernig þeir nýtast.
 - Ræða markmið, áherslur og þróun í starfi.
 - Kanna hvort þörf sé á frekari stuðningi og þjálfun.
 - Hvetja til endurmenntunar.
-

- Skapa vettvang fyrir opna og uppbyggilega umræðu.

Samtölin stuðla að betri starfsanda, skýrari væntingum og meiri starfsánægju. Þau eru tækifæri til að efla starfið og starfsfólkið.

6. Skóladagatal

Skóladagatal er birt á heimasíðu Hafnarfjarðar að vori. Leikskólastjóri gerir tillögu að skóladagatali sem borin er undir foreldraráð og fer svo til samþykktar í fræðsluráði Hafnarfjarðar.

[Vidivellir Leikskóladagatal-2026-2027.pdf](#)

Skipulagsdagar: 17.september, 18.nóvember, 18.janúar, 22.febrúar og 23.apríl.

Morgunfundir: 10.ágúst, 6.október, 30.mars og 18.maí.

Skráningardagar: 28. og 27.október, 21.-31.desember, 18. og 19.febrúar og svo í dymbilviku 22.-24.mars

7. Samstarf

7.1 Samstarf við grunnskóla

Víðivellir er í virku samstarfi við Víðistaðaskóla. Á hverju skólaári, í samráði við deildarstjóra yngsta stigs, eru skipulagðar heimsóknir og sameiginleg verkefni sem miða að því að undirbúa börnin fyrir grunnskólagöngu. Á haustönn fara börnin á elsta ári í eina heimsókn í Víðistaðaskóla, þar fara börnin í heimsókn í kennslustofur og taka þátt í kennslustund með léttum verkefnum. Auk þess koma 1.bekkingar í eina heimsókn í leikskólann, leika og fara í útiveru. Í tengslum við *dag íslenskrar tungu* og litlu upplestrarkeppnina koma nemendur úr 4.bekk í Víðistaðaskóla og lesa fyrir börnin á leikskólanum. Á vorönn fara elstu börnin í tvær heimsóknir í Víðistaðaskóla þar sem þau fá að kynnst matsalnum, borða hádegismat, hlusta á sögulestur á bókasafninu og fara í frímínútur. Þetta samstarf stuðlar að samfelli í námi og dregur úr óvissu þegar börn hefja grunnskólagöngu. Einnig höfum við haldið útskriftarathöfn barnanna í matsalnum í Víðistaðaskóla.

7.2 Samstarf við nærsamfélag

Leikskólinn er staðsettur í hrauninu í norðurbæ Hafnarfjarðar. Hann nýtur góðs af staðsetningu sinni nálægt helstu náttúruperlum bæjarins, Víðistaðatúni, Hellisgerði og fjörunni við Langeyri. Hraunið er endalaus uppspretta uppgötvunar og leikja. Leikskólinn nýtir fjölbreytt tækifæri í nærumhverfinu til að efla tengsl barna við samfélagið og náttúruna.

Á vorin er farið í vorferðir meðal annars að Hvaleyrarvatni og Hellisgerði. Einnig er farið í styttri gönguferðir í nærumhverfi þar sem börnin upplifa náttúruna og læra í gegnum leik, skynjun og könnun. Börnin fara í reglulegar heimsóknir í bókasafn Hafnarfjarðar þar sem þau læra að umgangast bækur og kynnst starfinu sem þar fer fram. Bókasafnið hefur boðið uppá kynningu á þemakössum, þar sem starfsmaður Bókasafns Hafnarfjarðar kemur og kynnir þemakassa sem tengjast náttúru og lífríki.

Börnin fara í vettvangsferðir þar sem þau kynnst starfinu í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, kirkjum bæjarins og ýmsum söfnum. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur boðið elstu börnum leikskóla á sýningar einu sinni til tvisvar á ári. Auk þess hefur verið farið í Borgarsögusafn og Þjóðminjasafn á fjölbreyttar

sýningar sem þau bjóða uppá. Þjóðleikhúsið hefur boðið elstu börnunum á leikskólasýningu. Einnig hafa elstu börnin heimsótt Hrafnistu einu sinni í mánuði þar sem þau eiga notalega samverustund með eldri kynslóðinni.

Börnin í leikskólanum taka þátt í menningarviðburðum og fræðslu t.d. í tengslum við jól, bónda- og konudaginn og halda úti listsýningu í júní í tengslum við menningardaga Hafnarfjarðar.

7.3 Samstarf við annað fagfólk og stofnanir

Á Víðivöllum leggjum við mikla áherslu á þverfaglegt samstarf. Í skrifum Anne Edwards (2017) kemur fram að samtvinnuð sérfræðiþekking ásamt samtvinnuðum starfsaðferðum dragi úr álagi á börn og foreldra. Einnig dragi það úr aðgreiningu og stuðlar að inngildingu og faglegri þróun í átt að félagslegri tengslasýn á fötlun og þjónustu. Með farsælu samstarfi milli stofnana í þágu barnsins og samtvinnnaðri fagmennsku (e.relational expertise) fagfólks sem kemur að barninu getum við unnið betur og heildstætt að markmiðum barnanna í daglegu starfi.

Við erum í virku samstarfi við Gló æfingastöð, iðjuþjálfari kemur til okkar einu sinni í mánuði. Þá ýmist til að kortleggja stöðu barna sem eru í þjónustu hjá Gló æfingastöð eða til að veita ráðgjöf til starfsfólksins sem vinna með börnunum.

Sjúkraþjálfarar barna sem þurfa á því að halda hafa komið til okkar, unnið með börn og veitt ráðgjöf til starfsmannahópa.

Við erum í miklu samstarfi við ráðgjafa hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins vegna barna sem fara í athugun þar.

Ráðgjafi frá sjónstöðinni hefur veitt ráðgjöf til starfsmannahópa og einstaka starfsmanna.

Við erum í samstarfi við Landspítalann þegar börn tengjast honum, þar má nefna Rjóður og Ráðgjafateymi Landspítalans.

Talmeinafræðingur frá Matráð hefur komið með ráðgjöf vegna barna sem eru í þjónustu hjá þeim.

Við sækjum okkur ráðgjöf frá talmeinafræðingum og sálfræðingum á skólaskrifstofu vegna barnahópa eða einstaka barna.

Við erum einnig í samstarfi við talmeinafræðinga á stofu sem eru að þjónusta einstaka börn.

Allir þessir sérfræðingar eru boðaðir á alla teymisfundi barnanna sem þau koma að.

Við höfum verið heppin að fá að taka á móti fjölbreyttum hópum sem hafa áhuga á starfinu okkar og vilja fá ráðgjöf eða upplýsingar um hvernig það er unnið. Á þessu skólaári tókum við meðal annars á móti sérkennslustjórum úr Garðarbæ og sérkennslustjórum úr Borgarbyggð auk þess sem við tókum á móti einstaka skólum í heimsóknir.

7.4 Foreldrasamstarf

Foreldraráð leikskólans Víðivalla er skipað af þremur fulltrúum foreldra og gegnir mikilvægu hlutverki í samstarfi milli heimilis og skóla. Ráðið veitir umsögn um starfsáætlun og skóladagatal leikskólans og kemur að ýmsum málum sem varða starfsemi hans. Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) hefur foreldraráð umsagnarétt um allar meiriháttar breytingar á starfsemi leikskólans. Foreldraráð er vettvangur fyrir samráð, samvinnu og lýðræðislega þátttöku foreldra í skólasamfélaginu.

Foreldrafélagið stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Það skipuleggur m.a. jólaball með jólasveinum og sumarhátíð með skemmtidagskrá. Félagið styrkir

félagslíf leikskólans og eflir tengsl milli heimilis og skóla á skemmtilegan hátt. Allir foreldrar og forsjáraðilar eru meðlimir í foreldrafélaginu og greiða gjöld í félagið tvisvar á ári.

Til að stuðla að farsælu skólastarfi hjá börnum og gæta þess að þau upplifi sig örugg í leikskólanum leggur skólinn mikið upp úr því að eiga í góðum samskiptum við foreldra. Dagleg samskipti við foreldra eiga ávallt að vera jákvæð og tvisvar á ári bjóða börnin foreldrum sínum eða öðrum tengilið í að koma í heimsókn í síðdegishressingu. Þá skapast tækifæri fyrir foreldra að skoða vel deild barnsins síns og kynnast starfinu betur. Einnig verður meiri samheldni í foreldrahópnum þegar þau fá tækifæri til að hittast og eiga í samskiptum sín á milli.

Á vorönn er kynning í leikskólanum fyrir foreldra barna sem eru að hefja aðlögun sama haust, þá er foreldrum barna sem eru að færast á milli deilda einnig boðið. Á haustönn er svo fundur með foreldrum alla barna á leikskólanum, þar er farið yfir skólastarfið og breytingar á því.

8. Stoðþjónusta

Í leikskólanum er lögð áhersla á inngildandi menntun þar sem öll börn eiga jafnan rétt til þátttöku í leik og námi, óháð þörfum eða bakgrunni. Sérfræðiþjónusta leikskólans byggir á innri skólaþjónustu sem veitt er á vettvangi skólans og í nánú samstarfi við foreldra, aðra starfsmenn skóla og fagfólk. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á stjórnun og skipulagi sérkennslu, uppeldis- og menntunargögnum, foreldrasamvinnu og ráðgjöf. Hann stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til barna með fatlanir eða þroskafrávik. Deildarstjórar tryggja að fylgt sé eftir markmiðum barnanna á deildinni og að allir fái nám við hæfi. Þjálfar vinna að einstaklingsmiðaðri þjálfun í samstarfi við stuðningsaðila og annað starfsfólk. Stuðningstímar eru skipulagðir með það að markmiði að barnið sé virkur þátttakandi í daglegu starfi deildarinnar.

Á Víðivöllum er áherslan lögð á:

1. Snemmtækan og sveigjanlegan stuðning sem tekur mið af þörfum hvers barns.
2. Þverfaglega samvinnu þjálfra, sérkennslustjóra, deildarstjóra og fagfólks innan og utan leikskólans.
3. Markvissa skráningu og einstaklingsáætlanir sem eru unnar í samráði við foreldra og uppfærðar reglulega.
4. Samráðsfundi þjálfra og stuðningsaðila sem tryggja samfellu og gæði í stuðningi. Auk svigrúms í daglegu starfi til samráðs og miðlun upplýsinga.

Með öflugri innri skólaþjónustu og inngildandi starfsháttum næst góð yfirsýn yfir barnahópin og hægt er að grípa inn í þannig að öll börn fái tækifæri til að vaxa og dafna á eigin forsendum í öruggu og styðjandi umhverfi.

Frá árinu 2018 hafa leikskólar í Hafnarfirði unnið samkvæmt verkferlum Brúarinnar. Brúin var verklag sem var sett af stað í Hafnarfirði til að tryggja snemmtæka þjónustu og virkja úrræði í nærumhverfi barns. Með Brúnni var lögð áhersla á þverfaglega þjónustu sem fer fram í gegnum lausnateymi leikskólanna. Í janúar 2022 tóku í gildi lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021). Í kjölfar þess hafa farið af stað umbætur á verklagi Brúarinnar sem heitir í dag „Farsæld barna“. Í Farsældarteymi Víðivalla sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, tengiliður farsældar og ráðgjafar frá mennta- og lýðheilsusviði.

Markmið laganna er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið

farsældar í nærumhverfi barnsins, svo sem í leikskóla eða grunnskóla. Á Víðivöllum er það Ásta S. Loftsdóttir sérkennslustjóri sem hefur það hlutverk.

Tengiliður farsældar í leikskólanum hefur það hlutverk að: vinna mál með börnum, fjölskyldum og starfsfólki, leita lausna og virkja úrræði á fyrsta stigi (sjá úrræðalista leikskóla). Tengiliður eða annar þjónustuveitandi innan skólans gerir mat á þjónustubörf og ef metið er að samþætting sé í þágu barns geta forsjáraðilar undirritað beiðni um samþættingu þjónustu. Tengiliður farsældar getur einnig vísað máli í úrræði á öðru stigi (sjá úrræðalista sveitafélags). Þegar og ef fjölskylda ásamt tengilið meta þörf á getur tengiliður farsældar fært mál til málstjóra á öðru stigi.

9. Mat á skólastarfi

Samkvæmt reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald 893/2009, skal hver leikskóli með kerfisbundnu innra mati leggja mat á árangur og gæði skólastarfs. Markmið mats og eftirlits með gæðum leikskólastarfs er að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrá leikskóla, tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum, veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra, auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

Auk þess skal nefnd skv. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í leikskólum samræmist lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla. Við eftirlitið skal stuðst við fjölbreytt gögn, meðal annars starfsáætlun.

9.1 Innra mat

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) skal innra mat skóla vera markvisst fléttað saman við daglegt starf og ná til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar.

Innra matsteymi Víðivalla samanstendur af Svanhildi Birkisdóttur leikskólastjóra, Eyrúnu Edvardsdóttur aðstoðarleikskólastjóra, Valeyju Sól Guðmundsdóttur deildarstjóra og Magneu Magnúsdóttur foreldri og leikskólakennara.

9.1.1 Niðurstaða innra mats skólaárið 2025-2026:

1. Árangur af starfsmannasamtölum var metinn. Niðurstaða starfsmannasamtala árið 2025 var að starfsfólk virtist öruggt með hlutverk sín á deildunum. Deildarstjórar fóru yfir hlutverk starfsmanna á deildunum. Fyrir starfsmannasamtöl sem voru tekin af stjórnendum vor 2026 fékk starfsfólk eintak af starfslýsingunni sinni og var hvatt til að undirbúa sig vel með undirbúningspunktum. Stjórnendur sem tóku starfsmannasamtöl undirbyggðu samtölin vel og fóru yfir hlutverk með starfsfólki.
2. Metið hversu meðvitað starfsfólk er um grunnþætti menntunar í hópastarfi. Nýttar eru hópamöppur þar sem grunnþættir menntunar eru sýnilegir. Þar eru einnig upplýsingar fyrir starfsfólk um þroskaþætti barna. Auk þess upplýsingar um snemmtæka íhlutun og þrepaskipt úrræði leikskólans. Starfsfólk er einnig hvatt til að nýta handbók um leikinn. Í hópamöppurnar er svo skráð hvað er unnið með á hverjum degi vikunnar. Skráning var mismikil milli hópa.
3. Hlutverk leikskólakennara var metið m.t.t. jafnvægis í starfsmannahópnum. Tekin upp teymisvinna þar sem tveir eða fleiri starfsmenn vinna í teymi. Þar er lögð sérstök áhersla á að para saman starfsfólk með ólíka menntun, einnig er lögð áhersla á jafna

undirbúningstíma milli teyma. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel og það skilaði sér í að starfsfólk gat nýtt styrkleika hvers annars í teyminu. Haldið verður áfram með þessa vinnu á næsta skólaári.

4. Viðhorf foreldra til leikskólastarfsins var metinn, mæting á fundi hjá foreldrafélagi ekki nógu góð og fáir sem bjóða sig í stjórn. Foreldraráð var virkt en skipti um meðlimi á miðju ári. Áætlunin er að gera stjórnendur aðgengilegri foreldrum og bjóða uppá viðtalsdaga á næsta skólaári, sjá hvort það hafi áhrif á virkni foreldra.
5. Nýting svæða á eldri deildum var metið m.t.t. meira svigrúms í dagskipulagi. Morgunmatur og hádegismatur er borðaður í flæði og börnin fá að velja um að fara út fyrir hádegi og fyrr í útiveru eftir hádegi.

Haustið 2026 tekur í gildi ný fimm ára áætlun innra mats á Víðivöllum:

Viðfangsefni	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030	2030-2031
Stjórnun					
Aðgengi			x		
Skólanámskrá	x				
Áætlanir og verkreglur	x		x		x
Leikskólaþróun		x			
Faglegt samstarf				x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur					x
Uppeldis- og menntastarf					
Heilsa og hreyfing		x			
Leikskóli án aðgreiningar			x		
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		x			
Skipulag náms og námsaðstæður				x	
Námsvið leikskólans					x
Mannauður					
Hlutverk leikskólakennara	x				
Starfsánægja			x		
Starfsþróun		x			
Samvinna og samstarf					x
Leikskólabragur					
Velferð og líðan barna		x			
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi			x		
Viðhorf foreldra	x				
Innra mat					
Framkvæmd				x	
Gagnaöflun og vinnubrögð				x	
Opinber birting og umbætur				x	

Innra mats áætlun skólaársins 2026-2027 er eftirfarandi:

Starfssvið	Viðfangsefni	Matsþáttur	Viðmið	Ábyrgð	Þáttakendur	Aðferð	Tími
Haust 2026							
Leikskólabragur	Viðhorf foreldra	Aðlögun	Foreldrar upplifi að þeir fái nægar upplýsingar og séu almennt ánægðir með aðlögun.	Deildarstjórar	Foreldrar	Spurningalisti, nafnlaus	Október 2026
Stjórnun	Áætlanir og verkreglur	Jafnréttisáætlun, móttökuáætlun starfsmanna, einkelífsáætlun, vinnuvemdaráætlun	Sé uppfært á 2 ára fresti	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Stjórnendateymi skólans	Fara yfir og upplæra á fundum	Desember 2026
Vor 2027							
Mannauður	Hlutverk leikskólakennara	Tæki og tól til að sinna starfinu	Starfsfólk hafi verkfæri til að sinna faglegu starfi. Starfsfólk sé meðvitað um fræði og aðferðir.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Allt starfsfólk	Könnun sem athugar hvar þörfin er og fræðsla í framhaldinu.	Fyrir skipulagsdag 22. febrúar 2027
Stjórnun	Skólanámskrá	Leikur	Greint sé frá því í skólanámskrá hvernig unnið er með leik í starfi á Viðivöllum.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Allt starfsfólk	Skipulagsdagur í jan-farið yfir leikinn. Staðan tekin á deildarfundum og kaflinn svo skrifaður á morgunfundi í maí.	Maí 2027

9.2 Mat á námi barna

9.2.1 Orðaskil

Samkvæmt læsisstefnu Hafnarfjarðar, Lestur er lífsins leikur er skimunin Orðaskil lögð fyrir öll tveggja og þriggja ára börn í Hafnarfirði. Árangursmarkmiðið er að hlutfall barna sem eru utan áhættu sé ekki undir 84%. Árið 2025 var hlutfall tveggja ára barna utan áhættu á Viðivöllum 69,23%. Á skólaárinu var hlutfall þriggja ára barna á Viðivöllum utan áhættu 64,71%.

9.2.2 Hljóm-2

Samkvæmt læsisstefnu Hafnarfjarðar, Lestur er lífsins leikur er skimunin Hljóm-2 lögð fyrir öll fimm ára börn í Hafnarfirði. Árangursmarkmiðið er að hlutfall barna sem eru með meðalfærni eða herra sé ekki lægra en 84%. Hlutfall barna fædd 2019 á Viðivöllum sem fengu niðurstöðuna góð færni og meðal færni í Hljóm-2 skólaárið 2025-2026 voru 77,27% en hlutfall barna með slaka færni 18,81% og 4,55% mjög slaka færni.

9.3 Ytra mat

Foreldrakönnun er framkvæmd annað hvert ár, síðast í febrúar 2026 af skólapúlsum. Þar kom fram hækkun í flestum þáttum. Niðurstöður sýndu mikla ánægju foreldra með leikskólann og mikla ánægju barna í leikskólanum, einnig kom fram að tengsl við starfsfólk skólans eru mjög góð. Foreldrar hafa þekkingu á stefnu og námskrá skólans og eru ánægð með upplýsingamiðlun. Helstu athugasemdir og tækifæri til umbóta birtast í foreldrasamtölum og fyrirkomulagi þeirra. Farið verður í vinnu við að endurskoða og meta áætlun um foreldrasamtöl á skólaárinu 2026-2027. Auk þess kemur fram að hluti foreldra er ósammála um að námsumhverfi barnsins hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna og farið verður í greiningu á þeim þætti á skólaárinu 2026-2027.

Prósent framkvæmdni vinnustaðagreiningu í janúar-febrúar 2026 og skólapúlssinn framkvæmir starfsmannakönnun annað hvert ár, síðast í mars 2025.

Niðurstöður vinnustaðagreiningar verða jákvæðari með hverju skólaárinu en tækifærin til umbóta eru enn töluverð. Niðurstöður gefa til kynna að starfsfólk leikskólans er óánægt með æðstu stjórnun Hafnarfjarðarbæjar og á fyrsta skipulagsdegi skólaársins munum við vinna með þær niðurstöður og finna leiðir til umbóta. Einnig viljum við auka svigrúm starfsfólks til sjálfstæðrar ákvarðanatöku, tryggja að starfsfólk hafi tæki og tól til að sinna starfinu og bæta árangur af starfsmannasamtölum.

10. Öryggi og velferð

Viðmiðið er að allt starfsfólk leikskólans fari á skyndihjálparnámskeið á tveggja ára fresti og bregðist hratt og faglega við slysum eða veikindum. Foreldrar eru alltaf látnir vita ef barn verður veikt eða slasast. Leikskólinn vinnur samkvæmt handbók um velferð öryggi barna í leikskólum sem gefin er út af mennta- og barnamálaráðuneytinu (2024) og hefur skýrar leiðbeiningar um viðbrögð við slysum og veikindum.

Leikskólinn uppfærir reglulega áætlun um viðbrögð ef grunur kemur upp um einelti eða ofbeldi. Auk þess eru áætlanir skólans vegna viðbragða við slysum og áföllum, rýmingaráætlun og vinnuverndaráætlun, uppfærðar árlega.

Í áfallateymi leikskólans sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri viðkomandi deildar.

Öryggistrúnaðarmaður á Víðivöllum er Rakel Halldórsdóttir Malmquist. Í öryggisráði skólans sitja Rakel og Eyrún Edvardsdóttir.

Lokaorð

Starfsáætlun er verkfæri leikskóla og sveitafélaga til að hafa eftirlit með og meta skólastarf og tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrá leikskóla. Í starfsáætlun er gert grein fyrir megináherslum leikskólans, starfsmannahaldi, daglegu starfi, stoðþjónustu og samstarfi leikskólans við nærumhverfið, grunnskóla og fyrirtæki. Starfsáætlun er unnin árlega. Starfsáætlun leikskólans Víðivalla er birt í heild sinni á vefsíðu Hafnarfjarðar.

Umsögn foreldraráðs

Í lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 kemur fram í 11. gr. að hlutverk foreldraráðs sé að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð leikskólans Víðivalla staðfestir með undirskrift sinni hér að neðan, samþykki sitt vegna starfsáætlunar 2026-2027, í samræmi við lög um leikskóla frá 2008 (14. grein).

Gert í Hafnarfirði 26. ágúst 2026

Undirritunarsíða

Staðfesting foreldraráðs
Karen Ýrr Bragadóttir Hjaltested

Staðfesting foreldraráðs
Þórhildur Hlín Oddgeirsdóttir Isaksen

Samþykkt foreldraráðs
Bekrije Shillova